



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af
135 ára afmæli
Þjóðskjalasafns Íslands**

3. apríl 2017

Mennta- og menningarmálaráðherra
þjóðskjalavörður
aðrir góðir gestir.

Ég þakka þann heiður að ávarpa ykkur á þessari afmælishátíð. Í dag eru rétt 135 ár síðan Hilmar Finsen landshöfðingi birti auglýsingu um starfrækslu landsskjalasafns hér á landi. Fyrst var það safn geymt á Dómkirkjuloftinu í Reykjavík. Um aldamótin 1900 var það flutt yfir Templarasund í þinghúsið en árið 1908 urðu mikil tímamót. Safnahúsið við Hverfisgötu var vígt og þangað var rokast með skjölin. Nokkrum árum síðar var heiti safnsins breytt í Þjóðskjalasafn Íslands og í Safnahúsinu var lestrarsalur þess til ársins 1999. Á þessari öld hefur safnið allt verið hér á Laugavegi, í byggingum sem áður hýstu Mjólkursamsöluna.

Í árdaga var safninu ætlað að geyma skjöl landshöfðingja, stiftsyfirvalda, amtmanns yfir suður- og vesturamti, biskups, landfógeta og hins umboðslega endurskoðanda, og skyldi hvert safn geymt í sínu herbergi á lofti Dómkirkjunnar. Í dag geymir safnið vissulega eldri skjöl og árin 135 sem liðin eru frá stofnun þess hefur stöðugt bæst í sarpinn. En til hvers? „Af hverju er verið að safna þessu drasli?“ Þannig spurði ung fræðikona fyrir um áratug, í fjörlegum, óformlegum og ögrandi umræðum um sannleiksgildi skriflegra heimilda og annað af því tagi.

Söfn mynduðust nánast um leið og fólk til forna fór að skrifa. Valdhafar héldu til haga lögum, samningum og öðrum mikilvægum

skjölum sem þurfti að geyma og hafa nærhendis, léki vafi á því hvað ákveðið hefði verið á sínum tíma. Á seinni öldum gátu sagnaritarar svo leitað heimilda í söfnum um sögu ríkis og kirkju, konunga og biskupa, laga og réttar. Í formála að fyrsta bindi Íslensks fornbréfasafns skrifaði Jón forseti því um miðja nítjándu öld: „Skrár, bréf og skjöl eru, eins og allir vita, hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllr sögunnar í hverju landi sem er.“

Og er það þá ekki þannig að þeir sem ráða söfnunum geti ráðið sögunni? Franski heimspekingurinn Jacques Derrida hélt því fram að án valds yfir skjalasöfnum hefðu menn ekkert pólitískt vald. Áður hafði George Orwell orðað það þannig í skáldsögunni 1984 að þegar sömu söguna væri að finna í öllum skjölum festist lygin í sögulegri vitund og yrði að sannleika.

Þetta viljum við auðvitað ekki. Hvað er til varnar? Í fyrsta lagi hafa sagnfræðingar og aðrir, sem vilja segja frá því sem gerðist, áttað sig á því að fleira er hægt að nýta en skriflegar heimildir skjalasafnanna. Söfnin hafa að því leyti misst ægivald sitt. Í öðru lagi verðum við að hafa söfnin opin og aðgengileg, laus við leyndarhjúp. Á íslensku er orðið heimild einmitt svo skemmtilega margrætt. Það getur þýtt vitnisburður um liðna tíð en líka leyfi til að kynna sér hann. Við verðum að hafa heimild – heimild til að skoða heimild. Vissulega verður að huga að persónuvernd og þjóðaröryggi en meginreglan verður að vera skýr: Aðgangur að skjölum verður að vera frjálss og óheftur því að þótt þau þyki ekki lengur hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllur sögunnar ein og sér eru þau einstaklega mikilvæg. Skjöl frá fyrri tíð hjálpa okkur að vefa þann þráð sem við þurfum milli fortíðar, nútíðar og framtíðar. Eigi að vera hald í honum þarf hann að vera fjölþættur, spunninn úr margháttuðu efni sem kemur úr ólíkum áttum, ekki aðeins úr okkar ágæta Þjóðskjalasafni, en þó ekki síst þaðan.

Þess vegna er ekki nóg að geyma skjöl. Þeim þarf að miðla og á þessari hátíðarstundu nefni ég tvö fyrirtaksverkefni sem hófust í fyrra á þeim vettvangi: Í samvinnu við Ríkisskjalasafn Danmerkur og Sögufélag er hafin útgáfa skjala Landsnefndarinnar fyrri frá árunum 1770–1771. Tvö bindi eru þegar komin út og gert er að ráð fyrir að fjögur til viðbótar birtist á þessu ári og því næsta. Öll verða skjölin líka á netinu. Þá hafa sjálfboðaliðar mormóna tekið að sér að skanna ýmsar lykilheimildir Þjóðskjalasafns; manntöl, kirkjubækur og önnur gögn. Þessa verks munu allir geta notið.

Í lok þessa ávarps leyfi ég mér að nefna að margar góðar stundir hef ég átt hér í Þjóðskjalasafni, við rannsóknir og fræðastörf, með dyggri aðstoð skjalavarða og annars starfslíðs. Eigi ég að nefna uppáhaldsstað á

Íslandi er lestrarsalurinn hér á jarðhæð mér ofarlega í huga. Auðvitað litast minningar fólks og sjónarmið af eigin reynslu, upplagi og áhuga – en kærú áheyrendur, hvað er ljúfara en að sitja á lestrarsal safns, fá í hendur gömul gögn, virða fyrir sér vitnisburð liðinna daga, njóta leifturs liðinnar tíðar.

Ágæti ráðherra, þjóðskjalavörður og aðrir góðir gestir:
Þjóðskjalasafn Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í menningarsögu landsins. Ég óska safninu og starfsfólki þess hjartanlega til hamingju með daginn og árna þeim allra heilla.